

- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Heimilt er að gera fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari án undangenginnar dómsúrlausnar eða dóm-sáttar, sbr. 37. gr. laga, nr. 143/1996, um fjarskipti.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir enduroppnun símasambands.
- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

XII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt bráðabirgðaaákvæði laga nr. 143/1996 um fjarskipti, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og öðlast gildi 1. nóvember 1997 og fellur úr gildi 31. desember 1997. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 1. nóvember 1997 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 135 18. febrúar 1997 og auglýsing nr. 315 23. maí 1997.

Samgönguráðuneytinu, 21. október 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,
sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 675.661.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 48.630.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1997 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. október 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.